

1. Bílaleigunni Vakri kr. 1.000.00.
  2. Fatamiðstöðinni kr. 2.200.00.
  3. Verzluninni Geysi h/f kr. 1.670.00.
  4. Axel Ólafssyni kr. 7.045.00.
- Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.  
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 18. október 1967.

Nr. 21/1967. **Hótel Saga** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)  
 gegn  
**Gjaldheimtunni í Reykjavík og gagnsök**  
 (Guðmundur Vignir Józefsson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómaramarnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Lögtak. Aðstöðugjald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður Grímsson, settur borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1967. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, synjað verði um framkvæmd lögtaks og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í fógetadómi og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. febrúar 1967. Hann gerir þær dómkröfur, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og lögtak leyft í eignum aðaláfrýjanda, þó einungis til tryggingar eftirstöðvum aðstöðugjalds að fjárhæð kr. 45.500.00 með 12% ársvöxtum frá 8. nóvember 1966 til greiðsludags auk lögtakskostnaðar. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í fógetadómi og fyrir Hæstarétti.

Aðiljar eru sammála um, að skuld aðaláfrýjanda sé kr. 45.500.00, verði hann talinn aðstöðugjaldsskyldur.

Hótel- og leigurekstur aðaláfrýjanda fellur eigi undir undanþágu þá frá aðstöðugjaldi, sem greinir í 8. og 29. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu gagnáfrýjanda til greina, en rétt þykir, að málskostnaður í fógetadómi og fyrir Hæstarétti falli niður, þar sem krafan fyrir fógetadómi reyndist kr. 692.129.00 of há vegna mistaka af hálfu skattayfirvalda.

#### Dómsorð:

Lögtak skal fram fara hjá aðaláfrýjanda, Hótel Sögu, fyrir kr. 45.500.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 8. nóvember 1966 til greiðsludags og kostnaði.

Málskostnaður í fógetadómi og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 9. janúar 1967.

Við reglulega álagningu opinberra gjalda ár 1966 var gerðarþola, Hótel Sögu hér í borg, gert að greiða hér eftirtalin gjöld:

Lífeystr.gjald atvinnurekenda ..	kr. 206.472.00		
Lækkað 4. okt. 1966 um .. . . .	—	3.052.00 kr.	203.420.00
Slysatryggingargjald . . . . .	—	14.748.00	
Lækkað 4. okt. 1966 um .. . . .	—	218.00	14.530.00
Atvinnuleysistryggingargjald .. .	—	108.842.00	
Lækkað 4. okt. 1966 um .. . . .	—	7.781.00	101.061.00
Kirkjugarðsgjald .. . . . . . . .			24.426.00
Launaskattur .. . . . . . . . . . .			1.543.00
Aðstöðugjald .. . . . . . . . . . .			1.628.400.00

Samtals kr. 1.973.380.00

Upp í fjárhæð þessa hafa verið greiddar kr. 1.235.751.00, og standa því eftir ógreiddar kr. 737.629.00. Þar eð gerðarþoli hefur eigi gert athugasemdir um álagningu annarra en aðstöðugjaldsins, verður að líta svo á, að framangreind ógreidd fjárhæð sé eftirstöðvar hins álagða aðstöðugjalds, enda kemur það fram í málflutningi aðilja, þar eð þar er eingöngu fjallað um aðstöðugjaldsskyldu gerðarþola. Þar eð gerðarþoli hefur neitað að greiða

framangreinda fjárhæð, kr. 737.629.00, hefur gerðarbeiðandi krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarpöla til tryggingar framangreindri kröfu ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi þessa máls, þ. e. 8. nóvember 1966, til greiðsludags auk lögtakskostnaðar og málskostnaðar að mati dómarsins.

Umboðsmaður gerðarpöla hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 4) og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum gerðarbeiðanda og gert þær dómkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarpöla verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati dómsins.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarpöla reist á því, að umkrafid aðstöðugjald sé lagt á starfsemi hinnar svonefndu Bændahallar og Hótel Sögu, en fyrirtæki þessi séu eign Búnaðarfélags Íslands að  $\frac{2}{3}$  og Stéttarsambands bænda að  $\frac{1}{3}$  hluta og rekin af þeim félögum eða félagi, því að hér sé í raun og veru um eitt félag að ræða, er starfi eingöngu til þrifa öðrum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, þ. e. landbúnaðinum, og því tvímælalaust til þjóðarheilla og eigi því að vera undanþegin aðstöðugjaldi samkvæmt 8. gr., sbr. 29. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Húsið Bændahöllin hafi verið reist af þessum félögum eða félagi og hafi verið rekið af þeim síðan og einnig Hótel Saga. Bændahöllin hafi verið reist til þess að vera rekin sem þáttur í starfsemi þessara félaga eða félags og því með sama markmiði og geti í lögum og samþykktum félaganna. Starfsemi Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda sé þann veg farið, að óhjákvæmilegt sé fyrir þessa aðilja að hafa hús fyrir starfsemi sína og enda þótt húsið Bændahöllin sé það stórt, að það geri enn meira en að fullnægja þörf félaganna, þá hafi þótt rétt að sniða stærð hússins við framtíðarstarfsemi þeirra, því að að sjálfsgöðu muni starfsemin aukast og þörfin fyrir húsið þar með einnig. Það sé einnig fullvíst, að þeir, sem gisti Hótel Sögu, séu að talsverðu leyti á vegum nefndra félaga, þótt einnig gisti þar ýmsir aðiljar, sem komi eigi við starfseminni sem slíkri. Enda þótt Hótel Saga og Bændahöllin séu eigi sérstakir réttaraðiljar, eins og að framan greini, þá séu mótmæli varnar- aðilja í þessu máli eigi byggð á því, ef rétturinn sjái sér fært að kveða upp úrskurð á hendur Hótel Sögu. Mál þetta snúist um það, hvort Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda séu meðal þeirra, sem greiða beri aðstöðugjald samkvæmt lögum nr. 51/1964, og þá af rekstri Bændahallarinnar og Hótel Sögu.

2. gr. laga Búnaðarfélags Íslands (rskj. nr. 13), sem samþykkt hafi verið á búnaðarþingi ári 1960, hljóði þannig:

„Grundvöll félagsins mynda eftirtalin félagssamtök bænda:

1. Búnaðarfélög hreppanna.

2. Búnaðarsamböndin.

Aðrir félagar Búnaðarfélags Íslands eru:

a. Ævifélagar, hver sá karl eða kona, sem greitt hefur ævifélagsgjald.

b. Heiðursfélagar, innlendir og útlendir, er Búnaðarfélag Íslands kýs vegna verka þeirra í þágu félagsins eða landbúnaðarins.

Enn fremur mynda búnaðarfélög hreppanna með sér sérstakt samband, er nefnist Stéttarsamband bænda, sem fer með sérstök hagsmunamál bændastéttarinnar samkvæmt verkaskiptingu, er Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda hafa orðið ásað um“.

5. gr. sömu laga hljóði þannig:

„Tilgangur og starfssvið Búnaðarfélags Íslands er:

1. Að hafa forgöngu í starfandi félagsskap bænda til eflingar landbúnaðinum.

2. Að vera málsvari bændastéttarinnar og beita sér fyrir nýmælum og breytingum, er til framfara horfa á öðrum lögum, er snerta bændastéttina eða landbúnaðinn.

3. Að vinna að verklegum framförum landbúnaðarins, t. d. með rannsóknum, tilraunum, fjárstyrk, fræðslu og leiðbeinandi eftirliti.

4. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í öllum landbúnaðarmálum og öðrum hagsmunamálum bændastéttarinnar.

5. Að hafa á hendi framkvæmd mála, er Alþingi eða ríkisstjórn felur því.

6. Að gefa út rit, er sérstaklega varða landbúnað“.

Stéttarsamband bænda hafi verið stofnað ári 1945. Fyrsta grein samþykkt þess (rskj. nr. 15) hljóði þannig:

„Búnaðarfélög hreppanna mynda sérstakt samband, er nefnist Stéttarsamband bænda. Starfar það að ákveðnum verkefnum eftir því sem fyrir er mælt í samþykktum þessum.

Félagar í Stéttarsambandinu eru allir meðlimir hreppabúnaðarfélaganna, er hafa kosningarrétt til Búnaðarþings.

2. gr. samþykktanna hljóði svo:

„Hlutverk Stéttarsambandsins er:

1. Að sameina bændur um sérstök hagsmunamál stéttarinnar

og hafa forystu um, að þeir beiti samtakamætti sínum til að fá framgengt sanngjörnum og sameiginlegum kröfum þeirra í verðlags- og viðskiptamálum.

2. Að vera baráttuaðili bændastéttarinnar og þá einkum um eftirtalin atriði:
  - a. Að vera fulltrúi og framkvæmdaaðili um verðlag og verðskráningu landbúnaðarafurða gagnvart Alþingi, ríkisstjórn og öðrum, er um þau mál kunna að fjalla.
  - b. Koma fram fyrir hönd bænda við samninga um kaup og kjör verkafólks til landbúnaðarstarfa, s. s. Ráðningaskrifstofu landbúnaðarins og annars staðar, eftir því sem þörf krefur.
  - c. Vera málsvari og samningsaðili bænda gagnvart öðrum stéttarfélögum og stofnunum og gæta í hvívetna hagsmuna þeirra“.

Eins og að framan greini, séu félagar í Stéttarsambandi bænda eingöngu meðlimir hreppabúnaðarfélaganna, og þeir einir, en hreppabúnaðarfélögin séu aftur annar aðalþátturinn í Búnaðarfélagi Íslands. Búnaðarsamböndin séu aftur sambönd hreppabúnaðarfélaganna. Það sé þannig skilyrði fyrir veru í Stéttarsambandi bænda, að meðlimirnir séu jafnframt meðal félaga í Búnaðarfélagi Íslands. Stéttarsamband bænda sé, sem að framan greini, eingöngu nánari framkvæmd á fyrsta lið í starfi Búnaðarfélags Íslands. 1. gr. laga nr. 38/1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs hljóði svo:

„Greidda skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarsjóður. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi alla stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun búnaðarpings, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Gjald til búnaðarmálasjóðs er ½% af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma“.

Meginhluti tekna Stéttarsambands bænda komi úr búnaðarmálasjóði, sem, eins og að framan greini, sé undir stjórn Búnaðarfélags Íslands og eftirliti ríkisins. Af framangreindu sé ljóst, að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda séu í raun og veru sama félagið og vinni að sama markmiði. Bæði félögin séu eingöngu skipuð bændum landsins og því sömu aðiljum og starfsemi þeirra öll sé til þrifa landbúnaðinum og því tvímælaust

til þjóðarheilla. Hinn aðalatvinnuvegur landsmanna sé sjávarútvegurinn og Fiskifélag Íslands því algerlega sambærilegt við Búnaðarfélagið og Stéttarsamband bænda, en Fiskifélagið hafi jafnan notið skattfrelsis, að því er varði tekjuskatt, útsvar, aðstöðugjald og hvers konar aðra skatta. Í 2. lið 8. gr. laga nr. 51/1964 segi:

„Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr.“, og 29. gr. sömu laga fjalli um þá, sem undanþegnir séu útsvörum. Í þeirri grein segi:

„Undanþegnir úrsvari eru: . . . f. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmalafélög, trúarbragðafélög o. fl. g. Ríkissjóður, stofnanir, svo og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka“.

Eins og að framan greini, séu Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda eingöngu starfrækt til aðstoðar landbúnaðinum. Allar tekjur af starfsemi nefndra félaga renni til bænda og þannig til almenningsheilla og þjóðþrifa. Atvinnu reki þessi félög þannig eigi og tekjur þær, sem af starfsemi þeirra hljótist, séu skattlagðar á annan hátt í tekjum bænda þeirra, sem góðs njóti af starfsemi félaganna. Tvímælalaust sé, að öll starfsemi félaganna og sjóðir séu undir umsjón ríkisstjórnarinnar og starfsemi undir eftirliti hennar. Mikill hluti kostnaðarins við félögin sé greiddur úr ríkissjóði og af tekjum bænda. Samkvæmt 5. gr. laga Búnaðarfélags Íslands sé félagið þjónustustofnun Alþingis, ríkisstjórnarinnar og bændastéttarinnar í landinu í landbúnaðarmálum, m. a. sem framkvæmdaraðili á ýmsum fyrirskipunum Alþingis og ríkisstjórnar, vísindastofnun, ráðgefandi og bókaútfandi o. fl. Félagið sé þannig starfsaðili í þágu þess opinbera. Af öllu þessu sé það ljóst, að starfsemi félaga þessara eigi að vera undanþegin aðstöðugjaldi, enda renni allar tekjur af Bændahöllinni, bæði húsaleigutekjur og tekjur af hótélrekstrinum, til félaganna og mikill hluti rekstrarins sé óhjákvæmilegur þáttur í starfsemi félaganna, þótt erfitt sé að greina nákvæmlega milli þess hluta starfseminnar, sem þannig sé þáttur í rekstri félaganna, og þess þáttar starfseminnar, er sé afleiðing af félagsrekstrinum, svo sem sala gistingar og matvæla til annarra en meðlima félaganna. Í sambandi við álagningu aðstöðugjalds á Bændahöllina og Hótel Sögu ár 1964 hafi endurskoðandi fyrirtækjanna

leitað til Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans með beiðni um lögfræðilega álitserð hans, að því er varðaði nefnda álagningu, sbr. rskj. nr. 10. Það sé að vísu rétt, að aðstöðugjald hafi verið lagt á framangreinda aðilja, frá því er það gjald hafi verið leitt í lög, og að gjaldið hafi enn fremur verið greitt að verulegu leyti af gerðarþola, en þó jafnan með fyrirvara og sé geymdur réttur til að endurkrefja gjaldið úr hendi gerðarbeiðanda, ef rétturinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að gerðarþola bæri eigi að greiða þetta gjald. Í máli þessu sé eingöngu ætlað til, að úrskurður verði kveðinn upp um gjaldskylduna, en eigi fjallað um álagningu gjaldsins sérstaklega.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 3) og við munnlegan flutning málsins mótmælt sjónarmiði og kröfum umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann lagt áherzlu á, að gerðarþoli hafi haft og hafi enn með höndum umsvifamikinn atvinnurekstur, sem sé þess eðlis, að hann eigi ekki að njóta góðs af neinum undanþáguákvæðum laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga, að því er þennan atvinnurekstur varðar, og því beri honum að greiða hið álagða aðstöðugjald. Aðstöðugjald hafi fyrst verið lagt á gerðarþola ár 1963, sbr. rskj. nr. 9, enn fremur ár 1964, en þá hafi gjald þetta verið lagt á Hótel Sögu og Bændahöllina hvort í sínu lagi sem sjálfstæða gjaldendur, sbr. rskj. nr. 10, og ár 1965 á Hótel Sögu, Bændahöllinni við Hagatorg, sbr. rskj. nr. 11. Gjöld þessi, eins og þau hafi endanlega verið ákveðin af ríkisskattanefnd, hafi öll verið skilvíslega greidd á sínum tíma og án fyrirvara, að því er bezt verði vitað. Nú hafi einnig verið greiddur hluti aðstöðugjalds, álögðu ár 1966, jafnvel að nokkru fyrirfram. Að sjálfsögðu séu þessar greiðslur þó eigi bindandi fyrir gerðarþola á þann hátt, að þær taki af öll tvímæli um það, að hann sé aðstöðugjaldsskyldur, og beri því einnig að greiða þær eftirstöðvar aðstöðugjaldsins, sem um ræðir í þessu máli. Á greiðslur þessar megi þó líta sem vísbendingu um það, að gerðarþoli hafi eigi verið mjög sannfærður um málstað sinn, úr því nú fyrst sé beðið um úrskurð um aðstöðugjaldsskyldu hans. Í þessu sambandi hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á, að gerðarbeiðandi líti svo á, að gerðarþoli sé skattskyldur almennt séð, enda þótt enn hafi eigi komið til álagningar á hann, að því er varðar útsvar á tekjuskatt, en það stafi einungis af því, að tekjur gerðarþola hafi enn eigi gefið tilefni til slíkrar álagningar. Með tilvísun til greinargerðar umboðsmanns gerðarþola svo og samnings Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands

bænda (rskj. nr. 17) um byggingu HótelS Sögu eða Bændahallarinnar við Hagatorg, sem byggingin sé jöfnum höndum nefnd, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á, að Búnaðarfélag Íslands sé eigandi hússins að  $\frac{2}{3}$  hlutum, en Stéttarsamband bænda að  $\frac{1}{3}$  hluta. Hér sé um stórhýsi að ræða, sem eigendurnir hafi ráðstafað til margvíslegra nota og komi þetta fram í úrskurði ríkisskattaneftndar, rskj. nr. 10, bls. 8, en þar segi:

„Eins og fram hefur komið, eru Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda eigendur fasteignar, sem nefnd er „Bændahöllin“ og stendur við Hagatorg í Reykjavík. Fasteign þessi er skv. brunabótamati talin vera að stærð 37.700 m<sup>3</sup> og samkv. því sem umbm. kæranda hefur upplýst, er húsnæðið nýtt sem hér segir:

1. Til afnota fyrir skrifstofur eigenda um 10% af heildareign.
2. Til útleigu fyrir skrifstofur, bókasafn, verzlunir, rakarastofu, gufubað, nuddstofu o. fl. um 20% af heildareign.
3. Til hótélreksturs um 70% af heildareign, og greindur hótélrekstur er rekinn af eigendum hússins undir nafninu „Hótél Saga“ . . .“.

Þarna komi sem sé fram, að enda þótt eigendurnir hafi haft í huga byggingu fyrir bændasamtökin í stað þess húss, sem þeir fluttu sig úr við Tjörnina, þá hafi aðeins verið þörf á 10% byggingarinnar í þeirra þágu, þurfi vissulega talsvert hugmyndaflug til þess að láta að sér hvarfla, að þörf verði fyrir þetta mikla húsrými í þágu bændastéttarinnar í fyrirsjáanlegri framtíð, eins og umboðsmaður gerðarþola virðist gera ráð fyrir í greinargerð sinni. Þá sé það og á allra vitorði, að Hótél Saga sé ekki fyrst og fremst notuð fyrir bændur landsins, hvorki sem gististaður né samkomuhús, og ætti eigi að þurfa um það að deila. Hins vegar sé vitað, að þarna séu til húsa meðal annars skrifstofa Flugfélags Íslands, Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna o. fl. auk HótelS Sögu, en óhætt muni að fullyrða, að öll sú hagnýting hússins, sem sé fram yfir hin framangreindu 10%, sé ekki í neinum tengslum við bændastétt landsins sem slíka eða hennar sérstöku hagsmuni.

Um skattálagninguna sjálfa hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til rskj. nr. 5 og að öðru leyti haldið því fram, að það skipti eigi máli í þessu tilviki, hverja nafngift umræddur skattgreiðandi hafi hlotið í meðförum skattstofunnar. Álagningin sé byggð á reikningum þeim, er skattstofunni hafi verið sendir, sbr. rskj. nr. 7 og 8 og enn fremur nr. 6. Þeir séu raunar báðir

nafnlausir, en beri það með sér, að sá fyrri (rskj. nr. 7) sé rekstrar- og efnahagsreikningur Hótels Sögu, en hinn síðari (rskj. nr. 8) Bændahallarinnar, eða hússins, eins og sjá megi meðal annars af athugasemdum endurskoðenda. Skattstofan hafi valið það form að leggja aðstöðugjald á þennan skattstofn undir nafninu Hótel Saga. Hins vegar sé á Bændahöllina sjálfa aðeins lögð tryggingargjöld vegna starfsmannahalds, eins og fram komi á rskj. nr. 12. Annars sé eigi um þetta deilt í málinu né heldur um það, hverjir séu eigendur Hótels Sögu og í hverjum hlutföllum, þ. e. í sömu hlutföllum og áður greinir um Bændahöllina. Umboðsmaður gerðarþola hafi haldið því fram í málflutningi sínum, að gerðarþoli sé eigi aðstöðugjaldsskyldur, þar eð hann falli undir undanþáguákvæði 8., sbr. 29. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Í 2. lið 8. gr. laganna segi svo:

„Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr.“.

Í 29. gr. laganna segi:

„Undanþegnir útsvari eru: . . . f. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmalafélög, trúarbragðafélög o. fl.

g. Ríkissjóður, ríkisstofnanir, svo og sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka“.

Þessi undanþáguákvæði taki eigi til gerðarþola í því tilviki, sem um ræðir í máli þessu, og umrædd álagning sé því rétt að lögum. Hér komi þá fyrst til athugunar, hvort hér eigi við f.-liður 29. gr. framangreindra laga. Augljóst sé, að eigi sé hægt að flokka eigendur Bændahallarinnar og Hótels Sögu undir félög, sem enga atvinnu reki, og eigi það við báða aðilja. Rekstrar- og efnahagsreikningar þeir, sem fyrir liggja í málinu, segi til um, að aðiljar þessir reki mjög umfangsmikla atvinnu. Á rskj. nr. 5 komi fram, að aðstöðugjaldsstofn vegna rekstrar hússins sé rúmar 9.2 milljónir króna og Hótels Sögu rúmar 47.6 milljónir króna. Af þessu sjáist, að hér sé um geysimikinn atvinnurekstur að ræða í þeim skilningi, sem venjulega sé lagður í það orð. Hvort sú starfsemi, sem félög þessi reki og hér sé um að ræða, sé til almenningsheilla og þjóðþrifa, eins og umboðsmaður gerðarþola haldi fram í greinargerð sinni, geti orkað tvímælis, en jafnvel þó að viðurkennt væri, að markmið þessara félagssamtaka væru almenningsheill og þjóðþrif, þá skipti það engu máli hér, því að undanþáguákvæði 29. gr. laga nr. 51/1964 nái aðeins

til slíkra félaga, ef þau reki eigi atvinnu. Að vísu hafi gengið hæstaréttardómur í málinu: Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Múla-  
lundi (Hæstard. XXXV, bls. 687), sem beri það með sér, að þetta undantekningarákvæði sé talið eiga við vissa aðilja, jafnvel þó að þeir reki atvinnu, ef atvinnan sé „eðlisþáttur“ í líknarstarfsemi, eins og það sé orðað í dóminum. Hér eigi þetta eigi við, það verði með engu móti sagt, að hótélrekstur eða útleiga á skrifstofuhúsnæði til erlendra sendiráða eða innlendra flugfélaga sé „eðlisþáttur“ í starfsemi búnaðarfélaga eða annarra bændasamtaka. Um þetta mætti miklu fremur vitna til annars hæstaréttardóms, nefnilega í málinu: Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Sjómannadagsráði f. h. Laugarásbiós (Hæstard. XXX, bls. 309), en þar segi, að rekstur kvikmyndahúss til tekjuöflunar elliheimili sé eigi sá eðlisþáttur í starfrækslu slíkrar stofnunar, að hann megi telja udanþeginn aðstöðugjaldi samkvæmt því lagaákvæði, sem hér sé um að ræða. Af framansögðu sé ljóst, að gerðarþoli eigi ekki að njóta góðs af undanþáguákvæði f-liðar 29. gr. laga nr. 51/1964. Þá sé að athuga g-lið sömu lagagreinar, en til hennar hafi einnig verið vitnað í málinu. Þar segi, að undanþegnir útsvari séu:

„Ríkissjóður, ríkisstofnanir, svo og sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka“.

Komi þá væntanlega helzt til athugunar, hvort þessir aðiljar geti talizt vera sama og ríkissjóður eða ríkisstofnanir eða sjóðir, sem standi undir beinni umsjón ríkisstjórnarinnar. Hér sé vissulega eigi um neina sjóði að ræða í venjulegum skilningi, svo að útiloka megi strax þann möguleika. Það skipti sem sé eigi máli í þessu sambandi, hvort afskipti ríkisstjórnarinnar séu meiri eða minni af þessum aðiljum. Þetta séu eigi sjóðir og lagaákvæðið eigi því eigi við þegar af þeirri ástæðu. Enn síður sé hægt að segja um þessa aðilja, að þeir séu sjálfur ríkissjóðurinn og komi þá væntanlega helzt til álita, hvort hér sé um að ræða ríkisstofnanir. Að því er varðar Stéttarsamband bænda, virðist liggja í augum uppi, að það sé eigi ríkisstofnun, sbr. 1. og 2. gr. samþykktu fyrir Stéttarsamband bænda, rskj. nr. 15. Þar komi ljóst fram, að hér sé um að ræða frjáls félagasamtök einnar stéttar til gæzlu eigin hagsmuna, en eigi til hagsmuna ríkisins sem slíks, enda sé sýnilegt af sumum þessara ákvæða, að hagsmunir samtakanna annars vegar og ríkisins hins vegar séu algerlega

andstæðir, sbr. 2. gr., 1. lið og 2. lið a. Ætti þetta að nægja til að sýna, svo að eigi verði um deilt, að Stéttarsamband bænda sé eigi ríkisstofnun. Þá komi að því að athuga, hvort Búnaðarfélag Íslands eigi að teljast ríkisstofnun. Ljóst sé, að félagið sé að mjög verulegu leyti styrkt af ríkissjóði og hafi á hendi margvísleg hlutverk, sem því séu fengin af Alþingi og ríkisstjórn í þágu landbúnaðarins, sbr. einkum 4. og 5. lið 5. gr. laga Búnaðarfélagsins, rskj. nr. 13. Hins vegar sé hér óumdeilanlega um félag að ræða, sbr. 1. og 2. gr. laga félagsins. Það felist fyrst og fremst í sjálfu félagsnafninu, að hér sé eigi um ríkisstofnun að ræða, það sjáist og af 2. gr. og reyndar lögnum í heild, að menn gangi í félagið af frjálsum vilja og gerist meðlimir þess, en þannig verði menn eigi eðli málsins samkvæmt aðiljar að ríkisstofnunum. Því hafi starfsmenn Búnaðarfélagsins eigi verið á launalögnum, meðan þau giltu, og heyri eigi undir Kjaradóm, sbr. lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962. Hins vegar munu þeir vera félagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt sérstökum lögum nr. 15/1928, en það sanni ekkert um, að þeir séu ríkisstarfsmenn, þar eð fjöldi starfsmanna sé í þeim sjóði, sem eigi séu ríkisstarfsmenn, svo sem starfsmenn Samábyrgðarinnar, Slysavarnafélagsins, Alþýðusambandsins og Sjúkrasamlagsins. Þá komi og ekkert fram um það í lögum félagsins, að eignir þess renni til ríkissjóðs, ef það yrði lagt niður, og ekkert af tekjum félagsins renni í ríkissjóð. Enn fremur megi í þessu sambandi benda á hæstaréttardóm í málinu: Samábyrgð íslenzkra fiskiskipa gegn Gjaldheimtunni í Reykjavík (Hæstard. XXXVI, bls. 417). Af öllu þessu sé ljóst, að Búnaðarfélag Íslands verði eigi talið ríkisstofnun. Af framansögðu verður því að líta svo á, að gerðarþoli falli eigi í því tilvik, sem um ræðir í máli þessu, undir undanþáguákvæði 8., sbr. 29. gr. laga nr. 51/1964 og sé því aðstöðugjaldsskyldur.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Eins og að framan greinir, er mál þetta höfðað gegn Hótel Sögu við Hagatorg hér í borg til greiðslu eftirstöðva aðstöðugjalds fyrir ár 1966 samkvæmt gjaldseðli nr. 661—600 að fjárhæð kr. 737.629.00, en eigendur gerðarþola eru Búnaðarfélag Íslands að  $\frac{2}{3}$  hlutum og Stéttarsamband bænda að  $\frac{1}{3}$  hluta. Enda þótt gjaldseðillinn og álagningin af hálfu skattstofunnar hljóði á nafn Hótel Sögu, er hér raunverulega um að ræða álagningu aðstöðugjalds á Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda vegna rekstrar Bændahallarinnar og Hótel Sögu, sbr. greinargerð um-

boðsmanns gerðarpóla, rskj. nr. 4, og skattframtölin, rskj. nr. 7 og 8, svo og greinargerð skattstofunnar, rskj. nr. 5. Að þessu hefur umboðsmaður gerðarpóla vikið í greinargerð sinni, rskj. nr. 4, bls. 6 og 2, en þar segir:

„Þótt Hótel Saga sé eigi sérstakur réttaraðili, eins og skýrt hefur verið hér að framan, þá eru mótmæli af hálfu varnaraðila eigi byggð á því, ef virðulegur fógetaréttur sér sér fært að kveða upp úrskurð á hendur Hótel Sögu, en eins og skjöl málsins bera með sér, þá er málinu einnig beint að Bændahöllinni, sem heldur eigi er sérstakur réttaraðili.

Mál þetta snýst um það, hvort Búnaðarfélagið og Stéttarsamband bænda séu meðal þeirra, er greiða beri aðstöðugjald samkvæmt lögum nr. 51/1964 af rekstri Bændahallarinnar og Hótel Sögu“.

Rétturinn lítur svo á, að enda þótt réttara hefði verið að láta umrædda álagningu hljóða á Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda vegna Bændahallarinnar og Hótel Sögu í stað einungis Hótel Sögu, þá skipti það eigi máli hér, þar eð greinilega liggur fyrir í upphafi af hálfu skattstofunnar, að lagt er á rekstur Bændahallarinnar og Hótel Sögu samkvæmt þeim framtölum, sem fyrir liggja í málinu, sbr. rskj. nr. 7 og 8. Vísast um þetta efni að öðru leyti til greinargerðar skattstofunnar, rskj. nr. 5. Telur rétturinn því, að kveða beri upp efnislegan úrskurð í máli þessu.

Umboðsmaður gerðarpóla hefur, sem að framan greinir, mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á þeim forsendum, að eigendur Bændahallarinnar og Hótel Sögu, Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, séu starfrækt eingöngu til aðstoðar landbúnaðinum í landinu og þannig til almenningsheilla og þjóðþrifa og að atvinnu reki þessi félög þannig eigi. Tvímæla laust sé, að öll starfsemi félaganna og sjóðir séu undir umsjón ríkisstjórnarinnar og starfsemin undir eftirliti hennar, enda sé mikill hluti kostnaðar við félögin greiddur úr ríkissjóði. Samkvæmt lögum Búnaðarfélagsins sé félagið þjónustustofnun Alþingis og ríkisstjórnarinnar og bændastéttar landsins í landbúnaðarmálum, m. a. sem framkvæmdaraðili að ýmsum fyrirskipunum Alþingis og ríkisstjórnar, vísindastofnun, ráðgjafi, bókaútgefandi o. fl. Bændahöllin hafi verið reist eingöngu sem þáttur í starfsemi félaganna og hafi að sjálfsögðu verið byggð stærri en þörf hafi verið á á þeim tíma, en með hliðsjón af framtíðarvexti og auknum þörfum félaganna síðar. Það sé því ljóst, að gerðarpóli,

þ. e. Bændahöllin og Hótel Saga, eigi að njóta undanþáguákvæða 8. gr., sbr. f.- og g-lið 29. gr. laga nr. 51/1964, að því er aðstöðugjald varðar.

Á þetta sjónarmið umboðsmanns gerðarþola getur rétturinn eigi fallt. Þar eð eigendur Bændahallarinnar og Hótel Sögu eru tveir, sem sé Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, þykir rétt að taka til athugunar hvorn aðilja fyrir sig og þá fyrst Búnaðarfélagið. Vitaskuld verður á engan hátt dregið í efa, að Búnaðarfélag Íslands gegnir veigamiklu hlutverki í þágu íslenzks landbúnaðar og að starfsemi þess miðar að því leyti að sjálfsögðu til almenningsheilla og þjóðþrifa, þar eð hér er um að ræða annan aðalatvinnuveg þjóðarinnar. Þá er það enn fremur vitað, að Búnaðarfélagið nýtur mikils styrks úr ríkissjóði til starfsemi sinnar og að búnaðarmálasjóður er undir umsjón ríkisstjórnarinnar. Engu að síður lítur rétturinn svo á, að staðreyndir þessar leiði eigi til þess, að Búnaðarfélagið, að því er varðar rekstur þess á Bændahöllinni og Hótel Sögu, falli udir undanþáguákvæði laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Í 2. lið 8. gr. nefndra laga segir svo:

„Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr.“. Í 29. grein segir:

„Undanþegnir útsvari eru: . . . f. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórn mála félög, trúarbragðafélög o. fl.“.

Verður vart talið að álitni réttarins, að Búnaðarfélagið sé meðal þeirra félaga, sem talin eru upp í þessum lið nefndrar lagagreinar. Auk þess er það gert að skilyrði í upphafi þessa ákvæðis, að þau félög, sem þar eru nefnd, njóti því aðeins undanþágu frá umræddri skattskyldu, að þau reki enga atvinnu. Af rekstrar- og efnahagsreikningum þeim, sem fyrir liggja í málinu, sést, enda vitað, að gerðarþoli, þ. e. Bændahöllin og Hótel Saga, stundar mjög umfangsmikinn atvinnurekstur. Á rskj. nr. 5 er það upplýst, að aðstöðugjaldsstofn vegna rekstrar hússins er rúmar 9.2 milljónir króna og vegna rekstrar Hótel Sögu rúmar 47.6 milljónir króna. Er af þessu ljóst, að hér er um stórfelldan atvinnurekstur að ræða á íslenzkan mælikvarða og að Búnaðarfélagið fullnægir að því leyti eigi heldur þeim skilyrðum að reka enga atvinnu, sem í þessu lagaákvæði er sett fyrir undanþágu frá aðstöðugjaldsskyldu.

Í g-lið 29. gr. eru enn fremur taldir undanþegnir útsvari og þar með einnig aðstöðugjaldi samkvæmt 8. gr. laganna:

„Ríkissjóður, ríkisstofnanir, svo og sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka“.

Kemur þá til álita, hvort Búnaðarfélag Íslands geti talizt til einhverra þeirra aðilja, sem í þessum lið umræddrar lagagreinar eru nefndir. Rétturinn verður að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, að Búnaðarfélag Íslands geti eigi fallið undir hugtakið sjóður í venjulegum skilningi þess orðs, og breyti engu í því efni, að ríkisstjórnin hefur eftirlit með búnaðarmála-sjóði, sem er í vörzlum Búnaðarfélagsins, sem annast stjórn hans og reikningshald. Því síður verður litið svo á, að Búnaðarfélagið sé sjálfur ríkissjóður eða hluti hans, enda þótt félagið njóti mikils fjárframlags úr ríkissjóði. Þá verður að áliti réttarins eigi talið, að Búnaðarfélag Íslands sé ríkisstofnun, enda þótt félagið annist ýmis störf á vegum Alþingis og ríkisstjórnar, heldur félag í venju-legri merkingu þess orðs, svo sem 1. og 2. gr. félagslaganna, rskj. nr. 13, ber með sér. Og enn fremur er það samkvæmt þessum lið umræddrar lagagreinar gært að skilyrði fyrir skattfrelsi þar nefndra aðilja, að þeir reki enga atvinnu. Rétturinn lítur því svo á, að Búnaðarfélagið njóti eigi undanþágu frá aðstöðuskyldu samkvæmt 29. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga, að því er varðar rekstur þess á Bændahöllinni og Hótel Sögu, og á það bæði við hótelleksturinn og leigutekjurnar af húsnæðinu í Bændahöllinni. Á rskj. nr. 10, bls. 8, er nýting húsnæðis í Bændahöllinni sundurliðuð sem hér segir:

1. Til afnota fyrir skrifstofur eigenda 10% af heildareign.
2. Til útleigu fyrir skrifstofur, bókasafn, verzlanager, rakara-stofu, gufubað, nuddstofu o. fl. um 20% af heildareign.
3. Til hótellekstrar um 70% af heildareign.

Tölur þessar, sem eigi hafa verið vefengdar, sýna, að Bændahöllin eða húsnæðið þar er aðeins að litlu leyti notað í beinar þarfir eigendanna sjálfra, þ. e. Búnaðarfélagsins og Stéttar-sambands bænda, en um 90% húsnæðisins fer til útleigu og hótellekstrar. Enda þótt rétturinn fallist á, að eðlilegt hafi verið að byggja mun stærra hús en þörf var fyrir, er byggt var, með hliðsjón af framtíðarvexti og þar af leiðandi vaxandi þörf félaga-anna, þá er hér um svo mikið útleiguhúsnæði að ræða í hlutfalli við það, sem félögin sjálf nota, að rétturinn lítur svo á, að tekjur félaganna af þessari útleigu, einnig til hótellekstrar, eigi að

vera aðstöðugjaldsskyldar, meðan það ástand ríkir, að húsnæðið sé leigt út.

Það, sem hér að framan hefur verið sagt um aðstöðugjaldsskyldu Búnaðarfélags Íslands, tekur einnig og eigi síður til Stéttarsambands bænda, og vísast til þess, að því er það varðar, sbr. 2. og gr. (sic) samþykktu Stéttarsambandsins, rskj. nr. 15, bls. 106.

Samkvæmt framanskráðu lítur rétturinn svo á, að eigendur Bændahallarinnar og Hótels Sögu, þ. e. Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, hafi verið aðstöðugjaldsskyldir vegna rekstrar Bændahallarinnar og Hótels Sögu, þegar umrætt aðstöðugjald var lagt á, enda sé umræddur atvinnurekstur eigi sá eðlisþáttur í starfrækslu þessara aðilja, að slík starfsemi megi eftir ákvæðum 2. mgr. 8. gr., sbr. 29. gr. laga nr. 51/1964 teljast undanþegin aðstöðugjaldi samkvæmt III. kafla laganna, enda þótt þeir kynnu að vera undanþegnir þessu gjaldi af beinni starfsemi sinni í þágu landbúnaðarins samkvæmt lögum sínum og samþykktum.

Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður verði látinn niður falla.

#### Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

---